

Leiðbeiningar um uppsetningu

**Einfaldur kallhnappur
fyrir innfellda útistöð**

1262 00, 1293 00

**Prefaldur kallhnappur
fyrir innfellda útistöð**

1263 00, 1294 00

Merkisþjald

fyrir innfellda útistöð


1264 00, 1295 00

GIRA

Lýsing á búnaðinum

Einföldu og þreföldu kallhnapparnir sem og merkispjaldið tilheyra Gira dyrasímakerfinu og eru viðbætur við innfældu útistöðina.

Þrefaldi kallhnappurinn er hér tekinn sem dæmi um meginatriði við uppsetningu.



- 1 Tengikapall fyrir hljóð
- 2 Grunneining kallhnappa
- 3 Neðri hluti TX_44-ramma
(fylgir ekki með)
- 4 Kallhnappur eða miðeining fyrir
merkispjald
- 5 Efri hluti TX_44-ramma
(fylgir ekki með)
- 6 Kallhnappalok



Athugið

Eingöngu rafvirkjum er heimilt að annast ísetningu og uppsetningu raftækja. Við ísetningu innfelldu grunneininganna má **ekki** nota þéttihringina sem fylgja með TX_44-rammanum.

Einföldu og þreföldu kallhnapparnir sem og merkispjaldið eru ætluð til notkunar með innfelldri útistöð:

1. Stingið tengikaplinum fyrir hljóð í samband við kerfistengi á samskiptaeiningunni eða talgrunni innfelldu útistöðvarinnar.



Slökkt á lýsingu kallhnappa

Til þess að slökkva varanlega á lýsingu kallhnappa eða merkispjalds skal fjarlægja lykkjurnar milli BUS og ZV á samskiptaeiningu útistöðvarinnar.

2. Leiðið tengikapalinn fyrir hljóð inn í innfeldu veggdósina.
3. Stingið tengikaplinum fyrir hljóð í samband við kerfistengi á grunneiningu kallhnappa.
4. Komið grunneiningu kallhnappa fyrir.
5. Setjið neðri hluta TX_44-rammans á og stingið svo miðeiningunum á innfeldu grunneiningarnar.
6. Smellið efri hluta rammans á og þrýstið Torx-skrúfunum inn.

Búnaðurinn tekinn í notkun

Þegar allur búnaðurinn (úti- og innistöðvar, stýrieining o.s.frv.) hefur verið settur upp er hægt að taka dyrasímakerfið í notkun. Leiðbeiningar um það er að finna í kerfishandbókinni sem fylgir með stýrieiningunni.

Hringt



Stutt er á kallhnappinn til þess að hringja í tengdu innistöðina.

Staðfestingartónn heyrir þegar stutt hefur verið á hnappinn.

Ljós kveikt (með rofaliða)




Stutt er á kallhnappinn til þess að kveikja á ljósi eða öðrum rafbúnaði með tengdum rofaliða. Staðfestingartónn heyrir þegar stutt hefur verið á hnappinn.

Skipt um merkispjöld

Skipt er um merkispjöld með því að taka kallhnappalokið af:

1. Takið lokið varlega af kallhnöppunum, til dæmis með skrúfjárn.



2. Skiptið um merkispjöld.
3. Setjið lokið aftur á kallhnappana og þrýstið því þéttingsfast á.

Hentug merkispjöld er annað hvort hægt að fá

- með því að senda meðfylgjandi póstkort til áletrunarþjónustu Gira eða
- með þar til gerðum hugbúnaði frá Gira, sem fæst aukalega, og tilheyrandi áletrunarörkum frá Gira.

Söluaðilar annast þjónustu vegna ábyrgðar samkvæmt lagaákvæðum.

Vinsamlegast afhendið eða sendið (án burðargjalds) tæki sem eru í ólagi til viðkomandi söluaðila (sérverslunar/uppsetningaraðila/raftækjaverslunar) og látið fylgja með lýsingu á því sem á bjátar.

Söluaðilinn sendir tækin áfram til Gira Service Center.

Gira
Giersiepen GmbH & Co. KG
Elektro-Installations-
Systeme
Postfach 1220
42461 Radevormwald
Deutschland
Tel +49 (0) 21 95 / 602 - 0
Fax +49 (0) 21 95 / 602 - 191
www.gira.de
info@gira.de

21/11

GIRA